



Stofnanasamningur

Milli Ljósmeðrafélags Íslands og Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja (HSS) um forsendur röðunar starfa. Samkomulag þetta byggir á kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs annars vegar og Ljósmeðrafélags Íslands hins vegar.

1. Gildissvið

Stofnanasamningur þessi nær til ljósmeðra á HSS sem starfa og njóta ráðningakjara samkvæmt gildandi kjarasamningi Ljósmeðrafélagsins og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

2. Markmið

Markmið þessa samkomulags er að HSS öðlist aukna möguleika til að haga starfsmannamálum sínum á þann veg sem kemur sér best á hverjum tíma. Stofnanasamningnum er ætlað að auka sveigjanleika með því að draga úr takmörkunum í miðlægum kjarasamningi.

Markmið aðila er að samningur þessi styðji við stefnu HSS til 2030 auk þess að stuðla að auknu gagnsæi og hlutlægni í launaákvörðunum og draga með þeim hætti úr óútskýrðum launamun kynjanna.

3. Framkvæmd röðunar og mats

Við framkvæmd á samningi þessum skal byggja á grunnforsendum kjarasamnings og horft til staðsetningar starfa í skipuriti stofnunarinnar, eðli starfs, ábyrgð og umfangs. Miða skal við að um sé að ræða viðvarandi/stöðugt verksvið. Röðun skal byggð á hlutlægum mælikvörðum.

4. Starfaflokkun og röðun, sbr. fylgiskjal 1:

<u>Starfaflokkur</u>	<u>Launaflokkur</u>
Ljósmeðranemi.....	8.1
Ljós móðir C1- C2	13.2
Ljós móðir C3-C4	13.3
Ljós móðir D1	13.4
Ljós móðir D2	14.3
Ljós móðir D3	14.4
Ljós móðir D4	15.4
Ljós móðir E1	16.4
Ljós móðir E2	17.4

Framangreind röðun byggir á hæfni/reynslu ljósmóður auk ábyrgðarlýsingar starfs og stöðu starfs í skipuriti auk þess að taka mið af reglum starfspróunarkerfis ljósmeðra á HSS. Starfsaldur utan HSS í starfi ljósmóður og hjúkrunarfræðings er metinn á grundvelli starfsvottorðs.

Sí- og endurmenntun ljósmóður er metið út frá námskeiðum, fræðadögum og fagraðstefnum sem tengjast ljósmóðurstarfinu, eru haldin eru af viðurkenndum fagaðilum og nýtast í starfi.

Samið er sérstaklega við sérfræðiljósmæður, aðstoðardeildarstjóra og deildarstjóra og tekið skal mið af sambærilegum störfum annarra stétta innan stofnunarinnar.

Nánari lýsingar og skilgreiningar á starfaflokkun þessari er að finna í fylgiskjali 1, með samningi þessum. Nánari lýsing á starfsþróunarkerfi HSS er að finna í fylgiskjali 2, sem fylgir samningi þessum.

Vegna breytinga og þróunar á starfsviði ljósmæðra eða starfsemi HSS geta orðið til ný störf sem ekki falla að starfaflokkun þessari sem þarf að raða sérstaklega. Leiði ný störf eða starfsemi til þess að forsendur þessa samnings teljist brostnar eða breyttar frá því sem nú er, skal samstarfsnefnd HSS og LMFÍ taka afstöðu til breytinga á röðunarreglum.

Til viðbótar við grunnröðun skal taka mið af persónubundnum þáttum í starfi, sbr. nánar 5. gr. hér á eftir.

5. Persónubundnir þættir til ákvörðunar um viðbótarþætti

Mat á formlegu framhaldsnámi, til viðbótar við starfsréttindi sem ljósmóðir og er ekki þegar metin við grunnröðun starfsins. Menntunin þarf að nýtast í starfi og því miðað við að hún sé á fagsviði viðkomandi.

30 ECTS einingar eða 180 kennslustundir.....	1 þrep
60 ECTS einingar eða 360 kennslustundir.....	2 þrep
Meistarapróf 90-120 ECTS einingar	4 þrep
Doktorspróf	6 þrep

Samkvæmt þessu getur ljósmóðir hækkað um allt að 6 álagsþrep til viðbótar við grunnröðun starfs, vegna viðbótarnáms sem er umfram grunnkröfu starfs.

Ljósmóðir sem hefur áunnið sér hækkun, vegna persónubundinna þátta ofan á grunnlaunatölu launaflokks sem er umfram 8 álagsþrep færist í næstu launatölu í næsta launaflokki fyrir ofan.

6. Næturvinnna

Sér gert ráð fyrir að 50% að fullu starfi eða meira sé unnið að næturlagi (á tímabilinu 23:00-07:00) skal þess sérstaklega getið í starfslýsingu og ráðningasamningi (eða breytingatilkynningu) viðkomandi starfsmanns. Ef gert er ráð fyrir að 50-59% af fullu starfi sé unnið á þennan hátt greiðist álag sem nemur tveimur þrepum. Ef gert er ráð fyrir að starfsmaður vinni 60% eða meira af fullu starfi að næturlagi greiðast þrjú þrep.

7. Álag

Greiða skal eitt þrep ofan á grunnlaun í allt að 3 mánuði ef álag vegna manneklu er langvarandi og íþyngjandi. Deildarstjóri gerir skriflega grein fyrir ástandinu og tekur framkvæmdastjórn afstöðu til erindisins í ljósi þess.

8. Verkefni

Eitt þrep skal greiða fyrir tímabundin verkefni sem ljósmóður er falið af deildarstjóra að vinna fyrir HSS. Verkefnið skal skilgreint í upphafi, þ.e. umfang, tími og afurð. Heimilt er að framlengja álagsgreiðslur í allt að 3 mánuði með leyfi framkvæmdarstjórnar.

Greiða skal eitt þrep fyrir sérstaka verkefnavinnu sem ljósmóðir tekur að sér til viðbótar reglubundinni vinnu enda sé það mat deildarstjóra að verkefnin krefjist sérstakrar fjárveitingar.

Heimilt er að fengnu leyfi framkvæmdastjórnar að greiða deildastjóra allt að 2 þrep ofan á föst laun vegna óvenju mikils umfangs samkvæmt starfslýsingu.

[Type here]

Heimilt er að fengnu leyfi framkvæmdastjórnar að greiða deildarstjóra allt að 2 þrep fyrir verkefnavinnu sem deildarstjóri tekur að sér til viðbótar starfslýsingu.

9. Réttur til endurmats á röðun

Ljósmóðir á rétt á að fara fram á það við yfirmann sinn að röðun starfs verði metin með tilliti til starfslýsingar í kjölfar samnings þessa og síðan allt að einu sinni á ári. Við slíkt mat skal styðjast við starfsþróunarkerfi ljósmæðra á HSS þar sem tekið er tillit til breytinga á starfinu og starfssvið frá því að það var metið síðast auk þátttöku starfsmanns í sí- og endurmenntun.

Heimilt er ljósmóður að leita álits framkvæmdastjóra eða mannauðsstjóra sé hún ekki sátt við niðurstöðu mats yfirmanns.

Ágreiningsmálum skal skotið til samstarfsnefndar, sbr. 11. kafla kjarasamnings.

10. Gildistaka

Við gildistöku þessa samnings falla úr gildi eldri stofnanasamningar, bókanir og aðrar viðbætur. Samningur þessi gildir frá 1. febrúar 2024.

Reykjanesbær 6. nóvember 2024

Fylgiskjal 1

Við ákvörðun um röðun starfa innan þess svigrúms sem um er að ræða skal taka tillit til staðsetningar starfs í skipuriti, eðlis starfsins, ábyrgðar og umfangs og miða við að um sé að ræða viðvarandi /stöðugt verkvið.

Nánar um starfaflokkun sbr. gr. 4

Ljósmóðir C1-C2:

Ljósmóðir á fyrsta ári í starfi. Er fær í starfi. Stjórnar, ákveður, skipuleggur og framkvæmir starf sitt og þau verkefni sem því fylgja. Tekur virkan þátt í þróun fags á sinni einingu og er þátttakandi í gæðastarfi. Skipuleggur og veitir fræðslu til sjúklinga/skjólstæðinga og aðstandenda.

Ljósmóðir C3-C4:

Er fær í starfi. Stjórnar, ákveður, skipuleggur og framkvæmir starf sitt og þau verkefni sem því fylgja. Skipuleggur og veitir fræðslu, auk þess að leiðbeina samstarfsfólki og nemum. Hefur umsjón með deild utan dagvinnutíma þar sem það á við. Skipuleggur og veitir fræðslu til sjúklinga/skjólstæðinga og aðstandenda. Skipuleggur störf annarra starfsmanna og útdeilir verkefnum.

Ljósmóðir D:

Er mjög vel fær í starfi. Skipuleggur kennslu nemenda og leiðbeinir samstarfsfólki og nemum. Er fulltrúi deildar og samstarfsaðila sem vinna að málefnum skjólstæðinga og sjúkrahússins. Tekur virkan þátt í þróun skipulags og stjórnun deildar. Hefur umsjón með deild utan dagvinnutíma þar sem það á við.

Ljósmóðir E:

Er afburða fær í starfi og leiðandi í gagnreyndum starfsháttum. Skipuleggur kennslu nemenda og leiðbeinir samstarfsfólki og nemum.

Stjórnar og skipuleggur meðferð í samræmi við stefnu HSS. Metur árangur þjónustunnar, er ráðgefandi varðandi sérhæfða meðferð. Skipuleggur kennslu á sérsviði. Ber ábyrgð á þróun þjónustunnar sem veitt er á deild í samráði við yfirmann.

Sérfræðiljósmóðir:

Sérfræðiljósmóðir er með starfsleyfi sem sérfræðingur í ljósmóðurfræðum sbr. reglugerð nr. 1089/2012. Sérfræðiljósmóðir starfar samkvæmt sérstakri starfslýsingu þar sem kveðið er á um að starfið skiptist í fjóra þætti; klínískt starf, þróunar, gæða- og rannsóknarstörf, kennslu og fræðslu ásamt ráðgjöf til skjólstæðinga og aðstandenda.

Sérfræðiljósmóðir vinnur sjálfstætt á sérsviðum ljósmóðurfræði skv. ofangreindri reglugerð og ber ábyrgð á starfi sínu gagnvart stofnun og næsta yfirmanni. Sérfræðiljósmóðir skipuleggur störf sín þannig að þau nýtist skjólstæðingum, aðstandendum, starfsfólki og stofnun sem best.

Samið er sérstaklega við deildarstjóra, aðstoðardeildarstjóra og sérfræðiljósmæður og tekið skal mið af sambærilegum störfum annarra stétta innan stofnunarinnar

[Type here]

Fylgiskjal 2

Reglur um starfsþróunarkerfi ljósmæðra innan stofnanasamnings Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja og Ljósmæðrafélags Íslands.

1. Mat á fagreynslu (í starfi hjúkrunarfræðings og ljósmóður) í starfslýsingu

Miðað skal við eftirfarandi reglur við mat á fagreynslu ljósmæðra. Miðað er við ráðningarlutfall.

Yfirvinna telst ekki inn í útreikning á stöðugildismánuðum.

<50% starfshlutfall – hálfur stöðugildismánuður

50-100% starfshlutfall - heill stöðugildismánuður

Samantekt á tilfærslu innan starfsþróunarkerfis og launasetningu, sjá töflu:

C	Starfsþróun			
		C1-C2 Nýútskrifuð ljósmóðir		C3-C4 Tilfærsla gerð að uppfylltum skilyrðum >24 mán í fyrra skrefi í >50% starfi >48 mán í fyrra starfi í <50% starfi Lokið að jafnaði 40 klst starfsþróun á ári frá fyrra skrefi
	Mat við ráðningu			
	Nýútskrifuð án meistaraþrófs	Nýútskrifuð með meistaraþróf eða lokið um 40 klst starfsþróun á ári		>24 mán starfsreynsla í >50% starfi >48 mán starfsreynsla í <50% starfi Lokið að jafnaði 40 klst starfsþróun á ári
D	Starfsþróun			
	D1 Sótt um flutning milli starfslýsinga >24 mán í fyrra skrefi í >50% starfi >48 mán í fyrra starfi í <50% starfi Lokið að jafnaði 40 klst starfsþróun á ári frá fyrra skrefi Uppfyllir hæfnivíðmið starfslýsingar	D2 Tilfærsla gerð að uppfylltum skilyrðum >12 mán í fyrra skrefi í >50% starfi >24 mán í fyrra starfi í <50% starfi Lokið að jafnaði 40 klst starfsþróun frá fyrra skrefi	D3 Tilfærsla gerð að uppfylltum skilyrðum >12 mán í fyrra skrefi í >50% starfi >24 mán í fyrra starfi í <50% starfi Lokið að jafnaði 40 klst starfsþróun frá fyrra skrefi	D4 Tilfærsla gerð að uppfylltum skilyrðum >12 mán í fyrra skrefi í >50% starfi >24 mán í fyrra starfi í <50% starfi Lokið að jafnaði 40 klst starfsþróun frá fyrra skrefi
	Mat við ráðningu			
	> 48 mán starfsreynsla í >50% starfi >96 mán starfsreynsla í <50% starfi Lokið að jafnaði 40 klst starfsþróun á ári Uppfyllir hæfnivíðmið	>60 mán starfsreynsla í >50% starfi >120 mán starfsreynsla í <50% starfi Lokið að jafnaði 40 klst starfsþróun á ári Uppfyllir hæfnivíðmið	>72 mán starfsreynsla í >50% starfi >144 mán starfsreynsla í <50% starfi Lokið að jafnaði 40 klst starfsþróun á ári Uppfyllir hæfnivíðmið	>84 mán starfsreynsla í >50% starfi >168 mán starfsreynsla í <50% starfi Lokið að jafnaði 40 klst starfsþróun á ári Uppfyllir hæfnivíðmið
E	Starfsþróun			
	E1 Sótt um flutning milli starfslýsinga >24 mán í fyrra skrefi í 50% starfi >48 mán í fyrra starfi í <50% starfi Lokið að jafnaði 40 klst starfsþróun á ári frá fyrra skrefi Uppfyllir hæfnivíðmið starfslýsingar	E2 Tilfærsla gerð að uppfylltum skilyrðum >24 mán í fyrra skrefi í >50% starfi >48 mán í fyrra starfi í <50% starfi Lokið að jafnaði 40 klst starfsþróun á ári frá fyrra skrefi		
	Mat við ráðningu			
	>108 mán starfsreynsla í >50% starfi >216 mán starfsreynsla í <50% starfi Lokið að jafnaði 40 klst starfsþróun á ári Uppfyllir hæfnivíðmið starfslýsingar	>132 mán starfsreynsla í >50% starfi >264 mán starfsreynsla í <50% starfi Lokið að jafnaði 40 klst starfsþróun á ári Uppfyllir hæfnivíðmið starfslýsingar		

2. Almennar röðunarreglur

- Röðun ljósmæðra í starfsheiti miðað við færni, hæfni og starfsaldur er á ábyrgð stjórnanda og viðkomandi ljósmóður.
- Það er á ábyrgð ljósmæðra að sinna starfsþróun í formi sí- og endurmenntunar og skal viðmið vera um 40 klst. á ári. Kjarasamningar veita rétt til endurmenntunar á vinnutíma eða 10 daga á ári miðað við fullt starf. Heilbrigðisstofnun Suðurnesja kemur til móts við óskir ljósmæðra um starfsþróun á vinnutíma eins og hægt er.
- Tími upp í starfslýsingu D4 er að jafnaði um 7 ár. mv. 50-100% starfshlutfall, eðlilega starfsþróun og að hæfniviðmiðum hvernar starfslýsingar sé mætt.

3. Hvernig er sótt um færslu milli starfslýsinga?

- Sótt er um tilfærslu milli starfslýsinga (C í D) á sérstöku umsóknareyðublaði sem sent er til deildarstjóra.
- Eftir samþykkt fer umsóknin til afgreiðslu og breytingartilkynning útbúin.
- Ef umsókn um færslu milli starfslýsingar er samþykkt gildir hún frá næstu mánaðamótum eftir að umsókn er skilað inn.

4. Flutningur milli starfslýsinga

- Starfslýsingar C2 er ætlað nýútskrifuðum ljósmæðrum sem útskrifast með meistarapróf.
- Flutningur milli starfsheita á sér stað skv. töflu í lið 1.
- Til að fara upp um starfslýsingu þarf ljósmóðir að uppfylla hæfniviðmið viðkomandi starfslýsingar að mati deildarstjóra/yfirljósmóður.
- Tilfærsla á milli starfslýsinga C og D byggir á því að ljósmóðir sækir um framgang á þar til gerðu umsóknareyðublaði.

5. Mat á starfsþróun

- Reynsla sem hjúkrunarfræðingur eða ljósmóðir hjá stofnunum ríkis, sveitarfélögum og sjálfseignarstofnunum, einkareknum heilbrigðisstofnunum innanlands og heilbrigðisstofnunum erlendis er metin til jafns við reynslu á HSS. Við launaröðun, skili starfsmaður inn viðurkenndu starfsvottorði frá fyrri vinnuveitendum.
- Við mat á starfsaldri ljósmæðra er tekið tillit til starfa í eftirfarandi starfsheitum.
 - Hjúkrunarnemi 4 (lokið einingum, vantar starfsleyfi)
 - Hjúkrunarfræðingur
 - Ljósmóðurnemi (verknám meðan á námi stendur)
 - Ljósmóðurnemi 4 (lokið einingum, vantar starfsleyfi)
 - Ljósmóðir

Nauðsynleg gögn

- Við ráðningu skilar ljósmóðir inn gögnum um starfsþróun og starfsaldur eða staðfestingu um röðun í starfsþróunarkerfi frá annarri heilbrigðisstofnun.
- Starfsvottorð skal skilað á íslensku, ensku eða norðurlandamáli til mannauðsstjóra.

[Type here]

- Skili ljósmóðir ekki inn starfsvottorði raðast viðkomandi í starfslýsingu C1-C2.
- Launasetning tekur gildi næstu mánaðamót eftir að vottorði er skilað inn.

Áhrif orlofs, fæðingarorlofs og annarra leyfa á færslu milli starfslýsinga

- Tími í orlofi telst til fagreynslu.
- Tími í lögbundnu fæðingarorlofi telst til fagreynslu. Kauplaust leyfi í kjölfar fæðingarorlofs telst ekki til fagreynslu
- Ólaunuð leyfi teljast ekki til fagreynslu.

Meðferð vafamála

- Sé ljósmóðir ósátt við röðun eða meðferð umsóknar um færslu á milli starfslýsinga getur viðkomandi beint erindi sínu til mannauðsstjóra sem tekur málið til skoðunar.
- Ef ljósmóðir er ósátt með afgreiðslu HSS getur viðkomandi vísað vafamálum til samstarfsnefndar Ljósmeðrafélags Íslands og HSS eftir meðferð mannauðsstjóra.

[Type here]

Umsókn um flutning milli starfslýsinga

Nafn _____

Dags. _____

Kennitala _____

Núverandi starfsheiti: _____

Sótt um að fara í starfsheiti: D ☐ E ☐

Frá síðustu færslu milli starfslýsinga hef ég þróast í starfi á eftirfarandi hátt.

Hér getur þú nefnt framþróun í starfi, ný hlutverk eða verkefni sem þú hefur tekið að þér frá síðustu umsókn

Starfsþróunin mín:

Markmið sem ljósmóðir hefur sett sér varðandi starfsþróun í samvinnu við deildarstjóra á ljósmæðravakt HSS ráða vali á fræðslu eða þátttöku í verkefnum sem teljast til starfsþróunar.

Námskeið/fyrirlestrar skulu að jafnaði samsvara 40 stundum á ári.

Alla endurmenntun (fræðslu, námskeið) og þína eigin fyrirlestra, kennslu og/eða fræðslu, hvort sem haldin er á vegum HSS eða ekki, heldur þú utan um hér. Afrit af skjölum sem staðfesta þáttöku skulu fylgja með umsókn.

Nafn námskeiðs	Kennslust.	Haldið af	Dags lokið

Undirskrift ljósmóður

[Type here]

Umsögn og staðfesting deildarstjóra

Hefur uppfyllt hæfniviðmið í viðkomandi starfsheiti ☐

Dags móttekið: _____

Undirritunarsíða

Guðlaug Rakel Guðjónsdóttir

Guðlaug María Sigurðardóttir

Unnur Berglind Friðriksdóttir

Helga Hauksdóttir